

Ed.

27. Frumvarp

til laga um skipamiðlara.

Flutningsm. Magnús Kristjánsson.

1. gr.

Stjórnarráðinu er heimilt, eftir tillögum verslunarráðs Íslands, að lög-
gilda skipamiðlara í kaupstöðum.

2. gr.

Enginn getur öðlast löggildingu sem skipamiðlari nema hann sje fullra
25 ára að aldri, hafi óflekkað mannorð, sje fjár sins ráðandi og sje eigi í
þjónustu annara. Í reglugerð, er stjórnarráðið setur, skal nánar ákveðið, hver
störf löggiltir skipamiðlarar mega hafa á hendi, og enn fremur má með reglu-
gerð ákveða þóknun fyrir tiltekin skipamiðlarastörf.

3. gr.

Hver sá, er öðlast löggildingu sem skipamiðlari, skal undirrita dreng-
skaparheit um, að hann vilji rækja starf sitt með alúð og samvisekusemi og
fara eftir þeim reglum, er um það verða settar.

4. gr.

Ef löggiltur skipamiðlari fullnægir ekki lengur skilyrðum þeim, er lög
þessi setja fyrir löggildingu, skal hann sviftur löggildingu.

5. gr.

Skipamiðlarar skulu sæta sömu viðurlögum fyrir brot sem sýsl-
unarmenn.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Til skamms tíma var ei annars kostur en að nota milligöngu erlendra
skipamiðlara, er um var að ræða skipaleigur og annað þess háttar. En sú
breyting hefir orðið í þessu efni nú á ófriðarárunum, að skipaeigendur eða
aðrir umráðamenn skipa eru farnir að snúa sjer til manna hjer á landi og hafa
fyrir þeirra milligöngu leigt skip sin. Má heita, að flestallir skipaleigusamn-
ingar hafi nú síðustu árin farið fram á þennan hátt.

Það er því augljóst, að um mikla afturför er að ræða, ef í þessu efni
sækir í sama horfið og var fyrir styrjöldina. En við því má búast, að svo geti
farið, ef ekki eru gerðar neinar ráðstafanir til þess, að hjer verði kostur á að-
stöð og milligöngu manna, sem trygging er fyrir að sjeu óvilhallir í starfi sinu.
Það er algerlega undir samvisekusemi og áreiðanleik skipamiðlaranna komið,
hvort skipaleigur geta einnig framvegis farið fram hjer á landi eða að leita

þarf til útlanda í þess háttar viðskiftum. Auk þess eru margvisleg önnur störf, er skipamiðlarar hafa með höndum, en einnig að því leyti má búast við, að útlendir skipaútgerðarmenn noti sem allra minst hjerlenda aðstoð, ef eigi er kostur á viðurkendum skipamiðlurum.